

From: "Jónas P. Hreinsson" [jonashreinsson@gmail.com]
Sent: 6. maí 2012 20:45
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Atvinnuveganefnd v. Rammaáætlunar

Alþingi
Erindi nr. P 140/2067
komudagur 6.5. 2012

Ágætu nefndarmenn

Ruslakistan á Reykjanesi.

Ég fór í ágætis göngutúr í dag um Sveifluháls. Þar kom fram að fyrir utan skaða á einstakri náttúru væri alls óvíst með að hægt væri að bora nýtanlegar holur þar yfir höfuð. Er það vegna þess að einungis skila sér svo kallaðar þurrar holur þarna sem engan vegin nýtast til virkjunar.

Einnig hef ég kynnt mér Eldvörp all vel og veit að talað er um að jarðhitageymirinn sem þar um ræðir hefur veið nýttur þannig að yfirborð hans hefur lækkað um 330 metra af 1000 metra dýpt hans síðustu 30 árin. Með því að bæta við Eldvarpavirkjun þarna mun ganga enn hraðar á þessa auðlind. Auðlind sem nú þegar er ekki sjálfbær. Þetta þýðir að þetta svæði mun ekki verða nýtanlegt eftir 15 til 30 ár, allt eftir hvernig orkunýting verður úr þessum jarðhitageymi.

Ég vil einnig vekja athygli á að á svæðinu eru fornminjar sem munu skaðast. Ætlunin er að staðsetja borstæði þvert yfir forna gönguleið og í hrauninu eru einnig bæli útilegumanna og líku eru meiri en minni að fleiri séu þarna en fundist hafa til þessa. Verndalega er þetta svæði einnig mjög mikilvægt úr frá því einstaka hrauni sem þarna er og ef einusinni er hróflað við hrauni er það ekki afturkræft.

Í heildina þarf að endurskoða allar áætlanir að virkja jarðvarma á Reykjanesinu. Sérstaða svæðisins í heild kallar á að farið sé varlega og horft sé til framtíðar því það er óþarfi að selja náttúruna ódýrt undir virkjanir þegar verðmætin liggja í henni ósnortinni.

Í dag er meginþorri raforku sem framleiddur er á Íslandi nýttur í stóriðju en sú stóriðja er ekki að skila framlegð í þjóðarþúið í samræmi við orkunotkun.

Setjið verðmiða á náttúrufegurðina og gefið þeirri fegurð meira vægi en borholum, virkjunum og rafmagnslínunum.

Með kærri kveðju,
"With kindest regards"

Jónas P. Hreinsson

GSM; +354 6919684

- Þessi tölvupóstur og viðhengi hans er trúnaðarmál, og er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Ef þér eruð ekki réttur viðtakandi eða póstur þessi berst yður fyrir tilviljun eða mistök er yður óheimilt að lesa, skrá, notfæra á nokkurn hátt eða dreifa efni hans, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti. Vinsamlegast gerið sendanda viðvart um að sending hafi ranglega borist yður og eyðið póstsendingunni.

- This electronic message, including any attachments, contains confidential information intended for a specific individual. If you are not the intended recipient, you must not read, use or disseminate that information according to Icelandic law. If you have received this transmission in error please notify the sender immediately and delete the message.